

Ráðningarsamningur

Forseti sveitarstjórnar Borgarbyggðar fyrir hönd sveitarfélagsins og Gunnlaugur Júlíusson, kt. 080952-2019, gera með sér svofelldan ráðningarsamning.

1.gr.

Gunnlaugur Júlíusson er ráðinn sveitarstjóri Borgarbyggðar frá 1. maí 2016 til loka kjörtímabils 2018, n.t.t. 30. júní 2018. Verksvið sveitarstjóra, réttindi og skyldur eru í samræmi við sveitarstjórnarlög og samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

2.gr.

Grunnlaun sveitarstjóra eru 970.000 á mánuði við upphaf samningstíma og taka eftir það meðaltalsbreytingum samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga. Innifalið í launum er ómæld yfirvinna.

3.gr.

Hvor aðili um sig getur á samningstímanum sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg. Verði starfslok hjá sveitarstjóra að hans eigin ósk á ráðningartímanum á hann ekki rétt á biðlaunum. Verði hins vegar starfslok vegna uppsagnar af hálfu sveitarstjórnar á ráðningartímanum, eða komi ekki til endurráðningar að honum loknum, þ.e. að loknu kjörtímabili, skal sveitarstjóri eiga rétt á 6 mánaða biðlaunum.

4.gr.

Fyrir störf með nefndum sveitarfélagsins eða vinnuhópum fær sveitarstjóri ekki sérstakar greiðslur. Ef hann er hinsvegar er skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í nefndum utan þess heldur hann sínum launagreiðslum á þeim vettvangi. Sveitarstjóra er heimilt að taka að sér störf í nefndum/stjórnnum að höfðu samráði við forseta sveitarstjórnar.

Hann nýtur orlofs- og annarra starfsréttinda í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga og lífeyrisréttinda samkvæmt A deild lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Orlofsréttur er 30 virkir dagar á ári. Jafnframt greiðir sveitarfélagið 2% framlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

5.gr.

Borgarbyggð leggur sveitarstjóra til bifreið til afnota vegna starfsins og greiðir af henni allan rekstrarkostnað. Þá greiðir sveitarfélagið fyrir heima- og farsíma sveitarstjóra og nettengingu heima. Útlagðan kostnað vegna starfa utan sveitarfélagsins fær sveitarstjóri greiddan samkvæmt framlögðum reikningum. Borgarbyggð tekur að sér greiðslu á líf- og slysatryggingu fyrir sveitarstjóra.

6.gr.

Sveitarstjóri á rétt á að sækja tvö endurmenntunarnámskeið innanlands á ári að höfðu samráði við forseta sveitarstjórnar og formann byggðarráðs. Sveitarfélagið greiðir þátttöku-, ferða- og dvalarkostnað.



7.gr.

Sveitarstjóri er bundinn þagnarskyldu varðandi allt sem hann verður vís í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt eðli málsins og skal sú þagnarskylda gilda einnig að starfstíma liðnum.


8.gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

9.gr.

Til staðfestingar samningi þessum rita forseti sveitarstjórnar og Gunnlaugur Júlíusson nöfn sín undir samning þennan í votta viðurvist. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Borgarnesi 18. mars 2016


Björn Bjarki Þorsteinsson
f.l. Borgarbyggðar


Gunnlaugur Júlíusson

Vottar:



